



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir  
Halldór Ingi Guðmundsson  
Bergstaðarstræti 13  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 12. september 2018  
2018090039

## Efni: Brekkugata 13

Byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar hafa borist athugasemdir vegna hrörlegs ástands geymsluskúrs við Brekkugötu 13, Þingeyri með eftirfarandi fastanúmer 212-5444. Þinglýstir eigendur Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir kt. 151066-4889 og Halldór Ingi Guðmundsson kt. 120664-7949

Varðandi athugasemdir þá eru þær þess eðlis að óttast er um öryggi almennings og fasteigna í nærumhverfi, vegna mögulegs foktjóns.

Í afsali dags. 17.12.2009 er að finna eftirfarandi kvöð „*Seljandi setur kaupendum þær kvaðir við sölu fasteignarinnar, að frágangi á ytra útliti hússins verði eigi síðar en 1. október 2010, eins og kemur fram í kauptilboði kaupenda*“

Sbr. meðfylgjandi ljósmyndum sem teknar voru 13. sept. sl. þá tekur byggingafulltrúi undir þær athugasemdir sem hafa borist, ljóst er að viða hefur þaksaumur losnað og þakplötur farnar að losna. Mikill fúi er í þakvirki. Jafnframt er ljóst að múrhúð á utanverðum útveggjum er töluvert sprungin.

Sbr. kvöð í kaupsamning, þá óskar byggingafulltrúi eftir upplýsingum frá eigendum, um viðhald fasteignarinnar, í skriflegri greinargerð sent á netfangið [axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is) eða í pósti á Axel R. Överby

Skipulags- og byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar  
Stjórnsýsluhúsinu  
Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður.

Gefinn er frestur til 30. september til þess að skila inn gögnum og- eða andmælum á framfæri. Að öðrum kosti mun byggingafulltrúi áskilja sér rétt til þess að hefja málsmeðferð í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar 112/2012 grein 2.9.2

### 2.9.2. gr.

*Aðgerðir til að knýja fram úrbætur. Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram*

*úttektir samkvæmt lögum um mannvirki eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.*

Virðingarfyllst,

Axel Rodriguez Overby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -

